

Fundur í langhlaupanefnd FRÍ

Dagsetning: 07.mars 2023

Staðsetning: Teams

Tímasetning: Fundur hófst kl. 9:00

Fundarmenn: Gísli Vilberg, Inga Dís og Friðleifur sem skrifaði fundargerð.

1. Langhlaupanefnd óskar eftir því að skrifstofa staðfesti að neðangreind hlaup séu tilbúin að taka að sér Meistaramót í götuhlaupum og skrá þau í vottunarferli FRÍ. Jafnframt að aukinn kraftur sé settur í að auglýsa þessi hlaup þegar staðfesting liggur fyrir. Það er nauðsynlegt að þetta sé sýnilegt hlaupurum á öllum miðlum sem allra fyrst svo að þeir geti skipulagt keppnir sumarsins.
5km – Víðavangshlaup ÍR
10km – Brúarhlaupið Selfossi
Hálft maraþon – Akureyrarhlaup UFA
Heilt maraþon – Reykjavíkumaraþon
2. Langhlaupanefnd minnir á minnisblað sem sent var á stjórn FRÍ varðandi hlaup sem uppfylla ekki reglugerð um framkvæmd götuhlaupa. Tvö hlaup eru til skoðunar eftir að stjórn fór yfir minnisblaðið. Yfir annað hlaupið eru líklega ekki til nein gögn og hlaupið því ekki viðurkennt til afreka. Varðandi hitt hlaupið þá mun langhlaupanefnd gera uppkast af bréfi til hlaupahaldara þar sem óskað er eftir frekari gögnum.
3. Vottun hlaupa. Rætt um færslu á verkefnum frá langhlaupanefnd yfir til skrifstofu. Koma þarf á fundi þar sem þessi verkefni eru formlega færð yfir á skrifstofu. Þetta á við skráningu á vottuðum hlaupum, vörslu gagna frá hlaupahöldurum, samskipti við hlaupahaldara og ekki síst kynningu á vottunarferli FRÍ varðandi hlaup.
4. Tryggingamál hlaupahaldara. Áfram umræða um þessi mál. Langhlaupanefnd telur óeðlilegt að enginn vinna sé t.d. á vegum ÍSÍ varðandi ábyrgð framkvæmdaraðila gagnvart þriðja aðila / t.d. sjálfboðaliðum. Það þarf áfram að skoða þessi mál og e.t.v réttast að skrifstofa FRÍ kanni málið t.d. hjá ÍSÍ eða öðrum sérsamböndum innan ÍSÍ.
5. Önnur mál.
 - ⇒ Norsk friidrett eru með ráðstefnu í apríl þar sem hlaupahaldarar kynna hvernig þeir standa að framkvæmd, jafnframt eru norsk friidrett að flokka hlaup í gull, silfur og brons.
 - ⇒ Rætt um póst sem var sendur á hlaup.is þar sem bent var á að orðalag í auglýsingu á hlaupum mætti laga. Hlaup eru núna annað hvort vottuð af FRÍ eða ekki. Það er ekkert sem heitir sérstaklega "löglega mælt hlaup". Óskað er/var eftir því að hlaup.is lagi þetta í auglýsingaefni sínu.
 - ⇒ Í framhaldi af ofangreindu: Langhlaupanefnd leggur gífurlega áherslu á að skrifstofa FRÍ kynni fyrir hlaupahöldurum sem allra fyrst hið nýja vottunarkerfi og sýni frumkvæði í að fá

hlaupahaldara til að skrá sín hlaup í vottunarferli FRÍ. Við þurfum að sækja þessar skráningar og um leið kynna fyrir hlaupahöldurum hvað felst í því bæði kostnaðarlega og ekki síður faglega fyrir hlaupin. Þessu er hér með komið á framfæri og aðgerða óskað hið fyrsta.

Fundi slitið kl. 9:35.

Friðleifur ritaði fundargerð.